

# Upplýsingatækni 8. bekkur 2021-2022

---

## Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Í upplýsinga- og tæknimennt er unnið með upplýsinga- og miðlalæsi sem þverfaglegt námssvið. Unnin eru raunhæf verkefni sem samþættast sem flestum námsgreinum og námssviðum. Áhersla er lögð á að kynna nemendum tækni og aðferðir við öflun, úrvinnslu, sköpun og miðlun upplýsinga í tengslum við annað nám. Kennsla fer fram einu sinni í viku.

**Kennsluefni** : Verkefni af vefsíðum og forrit sem henta.

**Kennari**: *Birna Friðgeirsdóttir*

## Námsáætlun

Í kennslu vetrarins er miðað að því að auka færni nemenda í upplýsingatækni í námi.

Í byrjun skólaárs verður lögð áhersla á Google umhverfið s.s. drive, docs, sheets, slides, sites, drawings og classroom. Síðar verður farið yfir netöryggi, einelti á netinu, verndun persónuupplýsinga, ritstuld, undirstöðuatríði í heimildavinnu, fingrasetningu, vefsíðugerð og uppsetningu á myndrænum skjölum.

**Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar**

## Grunnþættir menntunar

Leitast er við að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum sem henta hverju sinni s.s. leitarnámi, samvinnunámi, sjálfsnámi og umræðum.

## Námsmat

- Að taka þátt í umræðum og verkefnavinnu
- Að sýna frumkvæði og gagrýninni hugsun
- Að miðla þekkingu á fjölbreyttan hátt
- Að þjálfast í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu
- Að virða skilafrest verkefna
- Að fara eftir fyrirmælum og virða reglur skólans

## Hlutverk og vinnulag nemandans

Hæfni nemenda verður metin út frá fjölbreyttum verkefnum og gefið í bókstöfunum A, B, C og D.